

Þjóðtrú tengd áramótum

Ýmis þjóðtrú tengist áramótunum, sérstaklega nýársnótt og þrettándanum. Talið er að kýr tali og álfar flytji til nýrra heimkynna. Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er líka frásögn af ýmsum kreddum er tengjast áramótunum og vedurfari. En kredda þýðir eiginlega hjátrú. Menn héldu að ef fyrsti dagur í janúar félli á sunnudag, eins og nú, yrði veturinn spakur og staðvindsamur, sumarid yrði þurr, heyskapur mikill, vöxtur góður í nautum, kerlingadaudi, nægd og fridur eins og segir í þjóðsögunum. Verra er ef fyrsti janúar fellur á laugardag, þá ferst saudfé og þá deyja gamlir menn.

Krossgötur

Sumir segja að krossgötur séu þar, til dæmis á fjöllum eða hæðum, sem sér til fjögurra kirkna. Elsta trúin er sú að menn skyldu liggja úti á jólanótt, því þá væru áraskipti, og lengi töldu menn aldur sinn eftir jólanóttum. Sá var til dæmis kalladur fimmtánvetra sem hafði lifað fimmtán jólanætur. Síðar færðu menn ársbyrjunina á nýársnótt.

Þegar menn sitja á krossgötum þá koma álfar úr öllum áttum og þyrpast að manni og biðja hann að koma með sér, en engu má gegna. Þá bera þeir að manni alls konar gersemar, gull og silfur, klæði, mat og drykk, en ekkert má þiggja. Þar koma álfkonur í líki móður og systur manns og biðja mann að koma, og allra bragða er leitad. En þegar dagur rennur á maður að standa upp og segja: „Gudi sé lof, nú er dagur um allt loft“. Þá hverfa allir álfar, en allur álfaudur verður eftir og hann á þá madurinn. En svari maður eða þiggi bod álfa þá er maður heilladur og verður vitstola og aldrei síðan mönnum sinnandi.

Maður sem Fúsi hét sat úti á jólanótt og stóðst lengi þangað til ein álfkonan kom með stóra flotskildi og bauð honum að bíta í. Þá leit Fúsi við og sagði það sem síðar er að ordtæki haft: „Sjaldan hef ég flotinu neitad“. Beit hann þá bita úr flotskildinum og trylltist og varð vitlaus.

Heimild: Saga dagana eftir Árna Björnsson og Þjóðsögur Jóns Árnasonar



Nýárskvæði

Allir krakkar ættu að læra lögin og kvæðin sem Íslendingar hafa sungið um áramótin og á þrettándanum svo lengi sem elstu menn muna. Lögin eru fjörug og skemmtileg og ljóðin eru sum hver ort eða þýdd af okkar bestu skáldum en önnur hafa lifað með þjóðinni í mörg hundruð ár. Hér eru lögin í flutningi Ingólfs Steinssonar og Jóns Guðmundssonar.

Smellið á heiti kvæðanna og þá getið þið hlustað á lögin.



Álfareidinn

(H. Heine)



Stóð ég úti í tunglsljósi, stóð ég út við skóg –
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg.
Blésu þeir á sönglúðra og bar þá að mér skjótt,
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund –
hornin jóa gullroðnu blika við lund –
eins og þegar álfir af ísa grárri spöng
fljúga suður heiði með fjaðrabýt og söng.

Heilsaði hún mér drottningin og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallar að mér?

Þýðing: Jónas Hallgrímsson

Alfadans



Nú er glatt í hverjum hól,
hátt nú allir kveði;
hinstu nótt um heilög jól
höldum álfagleði.
Fagurt er rökkrið
við ramman vættasöng.
:;Syngjum dátt og dönsum,
því nóttin er svo löng.;;

Kátir ljúflings kveðum lag,
kveðum draumbót snjalla,
kveðum glaðir Gýgjarslag,
glatt er nú á hjalla.
Fagurt er rökkrið
við ramman vættasöng.
:;Syngjum dátt og dönsum,
því nóttin er svo löng.;;

Veit ég Faldafeykir er
fáránlegur slagur
og hann þreyta ætlum vér
áður en rennur dagur.
Fagurt er rökkrið
við ramman vættasöng.
:;Syngjum dátt og dönsum,
því nóttin er svo löng.;;

Sæmundur Eyjólfsson

Ólafur Liljurós

Ólafur reið með björgum fram,
villir hann, stillir hann;
hitti hann fyrir sér álfarann,
þar rauður loginn brann.
Blíðan lagði byrinn
undan björgunum,
blíðan lagði byrinn
undan björgunum fram.

Þar kom út ein álfamær,
sú var ekki Kristi kær.

Þar kom út ein önnur,
hélt á silfurkönnu.

Þar kom út hin þriðja,
með gullband um sig miðja.

Þar kom út hin fjórða,
hún tók svo til orða:

„Velkominn Ólafur Liljurós!
Gakk í björg og bú með oss!“

„Ekki vil ég með álfum búa,
heldur vil ég á Krist minn trú.“

Vendi ég mínu kvæði í kross,
sankti María sé með oss.



Nú er glatt hjá álfum öllum



Nú er glatt hjá álfum öllum.
Hæfadderífadíralala
Út úr göngum gljúfrahöllum.
Hæfadderífadderallala
Fyrir löngu sest er sól.
Sjaldan eru brandajól.
Hæfadderí, hæfaddera, Hæfadderífadderallala

Dönsum dátt á víðum velli.
Dunar hátt í hól og felli.
Álfasveinninn álfasnót
einni sýnir blíðuhót.

Dönsum létt með lipra fætur.
Stígum létt um stirndar nætur.
Dönsum blessuð brandajól,
björt uns rennur morgunsól.

Máninn hátt á himni skín



Máninn hátt á himni skín,
hrímfölnur og grár.
Líf og tími líður,
og liðið er nú ár.

*Bregðum blysum á loft,
bleika lýsum grund.
Glottir tungl og hrín við hrönn,
og hratt flýr stund.*

Kyndla vora hefjum hátt,
horfið kveðjum ár.
Dátt vér dansinn stígum,
dunar ísinn grár.

Nú er veður næsta frítt,
nóttin er svo blíð.
Blaktir blys í vindi,
blaktir líf í tíð.

Höf.: Jón Ólafsson